

**Stjórn byggðasamlags UTU - 58. fundur Stjórnar byggðasamlags UTU
haldinn að Laugarvatni, 30. janúar 2019
og hófst hann kl. 09:00**

Fundinn sátu:

Árni Eiríksson, Björgvin Skafti Bjarnason, Helgi Kjartansson, Halldóra Hjörleifsdóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Guðmundur J. Gíslason, Sigurður Hreinsson og Rúnar Guðmundsson.

Fundargerð ritaði: Rúnar Guðmundsson, skipulags- og byggingarfulltrúi

Dagskrá:

1. Kynning á OneLandRobot - 1901073

Mættur á fundinn Ingimar Arndal og Hrafnkell Erlendsson til að kynna skipulagsnefnd og starfsmönnum UTU, One Land Robot skjala- og úttektarkerfi fyrir byggingarfulltrúa.

Kerfið inniheldur m.a. eftirfarandi:

OneLand auðveldar starfsmönnum byggingarfulltrúa að hafa sín mál sér.

OneLand; Yfirlit yfir lóðir, meistara, úttektir, umsóknir um byggingarleyfi o.s.frv.

Auðvelt er að skrá mál og koma skjölum inn í OneRecords t.d. skönnuðum skjölum, tölvupósti ofl.

OneLand er hægt að tengja við Fasteignamat Ríkisins, Landupplýsingakerfi, Þjóðskrá, Teikningar, Loftmyndakerfi, o.s.frv.

OneLand styður öryggi niður á einstök skjöl.

Auðvelt er að aðlaga og breyta OneLand.

Kerfinu fylgir app, sem styður við kerfið og notast til úttekta, yfirlit yfir lóðir, meistara, úttektir, umsóknir um lóðir, umsóknir um byggingarleyfi o.s.frv.

Stjórn byggðasamlagsins samþykkir að gengið verið til samninga við fulltrúa ONE Systems um kaup á ofangreindu kerfi og felur skipulagsfulltrúa að ganga frá samningi um kaupin.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "H.K.", "B.S.B.", and "G.G.".

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00



Arni Eiríksson


Björgvin Skafti Bjarnason


Helgi Kjartansson


Halldóra Hjörleifsdóttir


Ingibjörg Harðardóttir


Guðmundur J. Gíslason